

Reglur um framstillingar, tilboð og merkt svæði

1. gr.

Framstillingar

Yfirmaður verslunar stýrir framstillingum vara með hliðsjón af eftirfarandi:

- a) Vöruflokkum er raðað saman.
- b) Fjöldi vara í framstillingu ræðst af sölu og eftirspurn. Þær vörur sem seljast í meira magni fá meira pláss og getur verið stillt fram á fleiri stöðum í verslun þar á meðal í kæli.
- c) Draga á vörur fram í hillu til að gefa betri heildarsvip. Það getur þýtt að vörur fái tímabundið meiri framstillingu, ef varan er notuð til að fylla í skarð annarrar vöru sem ekki er til.
- d) Bæta má við framstillingu vöru innan verslunar vegna eftirspurnar, tímabundinna áherslna, þemadaga o.fl.
- e) Dýrari tegundum er almennt raðað í efri hillur og ódýrari í neðri. Framlegð getur þó haft áhrif á þessa röðun.
- f) Léttvíni er raðað saman eftir löndum. Innan hvers lands er vínur raðað eftir tegundum/svæðum eftir því sem við verður komið. Hvert léttvín skal hafa að lágmarki tvær raðir í hillu í komuverslun.
- g) Sterku áfengi er raðað saman eftir vöruflokkum. Innan hvers vöruflökks er raðað eftir tegundum eftir því sem við verður komið. Vörum frá sama vörumerki er almennt raðað saman.
- h) Bjór, gosblöndum og síder er raðað á bretti, hálf bretti eða í hillu. Söluhæstu tegundirnar skulu almennt vera á heilu bretti eftir því sem pláss leyfir og þær sölulægstu í hillu.
- i) Þegar vörur í tímabundinni sölu eru í vöruúrvali er dregið tímabundið úr framstillingu vara sem eru í grunnvöruúrvali. Tekið er mið af síðasta mati á söluárangri við ákvörðun um tímabundna breytingu á framstillingu.
- j) Nýjum vörum er raðað með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum. Þær eru merktar 10 fyrstu vikurnar í sölu með merkingu í hillu og á heimasíðu sem gefur til kynna að um nýjar vörur sé að ræða.
- k) Framstillingar skulu endurskoðaðar reglulega með tilliti til sölu, eftirspurnar og breytinga á vöruúrvali.

2. gr

Tilboð á vöru

Seljanda er heimilt að vera með tilboð á vörum í grunnvöruúrvali á einingum sem eru stærri en 250 ml. Verðlækkun getur varað í allt að 4 vikur á hverju fjögurra mánaða tímabili. Verðlækkun vörunnar er kostuð af seljanda þannig að Fríhöfnin haldi krónutölu framlegð af sölu vörunnar. Verðlækkun verður að nema a.m.k. 10% af útsöluverði vöru. Afsláttur af vöru er greiddur eftir á til Fríhafnarinnar miðað við selt magn á tímabilinu. Vara á tilboði er sérmerkt með tilboðsmerkingu þann tíma sem verðlækkun varir. Ef vara sem hefur verið innan við 10 vikur í sölu er á tilboði vikur merkingin um nýja vöru fyrir tilboðsmerkingu. Seljandi sendir inn tilkynningu um tilboð á vöru ásamt nauðsynlegum upplýsingum í gegn um innkaupavef Fríhafnarinnar.

Fríhöfnin býður magntilboð á smáflöskum. Smáflöskur eru að hámarki 250 ml. að stærð.

3. gr

Sérmerkt framstillingarsvæði

Sérmerkt framstillingarsvæði eru svæði sem hægt er að sérmerkja ákveðnu vörumerki/vörumerkjum eða nýta fyrir sérmerktar verslunareiningar. Sérmerkt framstillingarsvæði eru ætluð þekktum vörumerkjum með mikla sölu. Sækja má um sérmerkt framstillingarsvæði fyrir vörumerki sem hafa verið a.m.k. 12 mánuði í grunnvöruúrvali. Auglýst er eftir umsóknum um sérmerkt svæði á innkaupavef Fríhafnarinnar þar sem nánari upplýsingar og skilyrði eru kynnt hverju sinni, t.d. staðsetning og stærð svæðis, fyrir hvaða vöruflokk svæði er ætlað, lágmarks leiguverð o.fl. Sérmerktum framstillingarsvæðum er úthlutað í 12-18 mánuði í senn. Heimilt er að samnýta svæði fyrir fleiri en eitt vörumerki frá sama framleiðanda.

Umsóknir eru metnar með tilliti til söluárangurs vörumerkis, leiguverðs sem boðið er, eftirspurnar, sérstöðu, nýjunga, hönnunar svæðis eða verslunareiningar, kynningar- og söluáætlunar.

Ef ekki er unnt að forgangsraða umsóknum út frá þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar skal hlutkesti ráða úthlutun.

Ef vara fellur úr vöruvali á grundvelli mats á söluárangri eru merkingar og/eða verslunareiningar fjarlægðar. Seljandi greiðir 3 mánaða uppsagnargjald frá næstu mánaðarmótum eftir að vara fellur úr vöruvali. Seljandi sér um að fjarlægja sérmerkt framstillingarsvæði á sinn kostnað.

4. gr

Kynningarsvæði

Kynningarsvæði eru svæði sem leigð eru út frá 3 vikum til mánaðar í senn. Svæði eru flokkuð eftir tegund, staðsetningu og söluflokkum og leigð fyrir kynningu eða framstillingu. Yfirlit yfir þau svæði sem eru í boði eru birt á innkaupavef Fríhafnarinnar og þar er umsóknum skilað. Greitt er fyrir hvert tímabil samkvæmt verðskrá Fríhafnarinnar á hverjum tíma.

Sótt er um fyrir vörumerki, eitt eða fleiri í hverri umsókn. Í umsókn fyrir kynningarsvæði er sótt um tímabil sem fyrsta val, annað val og þriðja val. Vörumerki fær úthlutað að hámarki tvisvar sinnum á hvert svæði á 12 mánaða tímabili, ef umfram eftirspurn er eftir kynningarsvæði. Hvert vörumerki fær að hámarki eitt kynningarsvæði á hverjum tíma í hverri verslun.

Kynningarsvæðum er úthlutað m.t.t. söluáætlunar Fríhafnarinnar. Gerð er söluáætlun fyrir þau vörumerki sem sótt er um fyrir tímabilið og er síðasta mat á söluárangri til viðmiðunar. Ef vara er ný og hefur ekki undirgengist mat á söluárangri byggist söluáætlun á sölusögu vörumerkis fram að þeim degi sem umsókn er metin og sölu á sambærilegum vörum. Það vörumerki sem áætlað er að skili mestri framlegð yfir tímabilið fær svæðinu úthlutað. Ef tímabil á kynningarsvæði er laust eftir að úthlutun lýkur er því vörumerki sem ekki fékk úthlutun, á þeim tímabilum sem sótt var um og er næst í forgangi m.t.t. söluáætlunar, boðið laust tímabil.

Seljanda er heimilt að vera með tilboð á vöru samhliða framstillingu á kynningarsvæði sbr. reglur um tilboð á vöru.

Ef vara fellur úr vöruvali á grundvelli mats á söluárangri er merking hennar fjarlægð þegar vara hættir í sölu og svæðinu úthlutað á ný.

5. gr

Kynningarskilti og heimasíða

Ljósaskilti, kynningar á heimasíðu og aðrir skilgreindir fletir til merkinga eru flokkaðir eftir vörflokkum og staðsetningu og er úthlutað í 1-12 mánuði í senn. Yfirlit yfir þær sérmerkingar sem eru í boði eru kynnt á innkaupavef Fríhafnarinnar og þar er umsóknum skilað. Skiltum og svæðum til sérmerkinga er úthlutað eftir þeirri röð sem umsóknir berast. Greitt er fyrir kynningar samkvæmt verðskrá Fríhafnarinnar á hverjum tíma.

Ef ekki liggur fyrir umsókn um laust svæði er þeim sem fyrir er með sérmerkingu á svæðinu boðin framlenging. Hvert vörumerki fær að hámarki eina sérmerkingu á hverjum tíma í hverri verslun.

Ef vara fellur úr vöruvali á grundvelli mats á söluárangri er merking hennar fjarlægð þegar vara hættir í sölu. Kostnaður vegna kynningarskilta og annarra skilgreindra fleta er óafturkræfur.

6. gr

Breytingarákvæði

Ef breytingar verða á reglum þessum eru þær tilkynntar með minnst mánaðar fyrirvara.

Reglur þessar eru settar með vísan til reglugerðar, nr. 1101/2022, um vöruval og innkaup tollfrjálsra verslana á áfengi.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar

Keflavíkurflugvöllur, 28.11.2022,

Þorgerður Þráinsdóttir